Reykjavík

Félagsmiðstöðin Sigyn

Starfsáætlun 2026-2027



LÁTUM DRAUMANA RÆTAST

Efnisyfirlit:

Inngangur 3
Innra mat 2025-2026 3
Umbótaáætlun 2026-2027 3
Þróunarverkefni og áherslur starfsársins 4
Helstu dagsetningar 4
- Ágúst 4
- September 4
- Október 4
- Nóvember 4
- Desember 4
- Janúar 4
- Febrúar 4
- Mars 4
- Apríl 4
- Maí 4
- Júní 4
- Júlí 4

Inngangur

Í þessari starfsáætlun er fjallað um innra mat félagsmiðstöðvarinnar Sigyn auk þess sem tilgreindir eru viðburðir og dagsetningar í hverjum mánuði sem skiptir máli í starfinu.

Markmið með innra mati er að efla árangur og gæði frístundastarfs. Metið er út frá útgefnum Viðmiðum og vísbendingum fyrir innra og ytra mat á gæðum frístundastarfs Reykjavíkurborgar þar sem vísbendingar sem þykja framúrskarandi eða mjög góðar eru taldar til styrkleika en vísbendingar sem fá einkunnina ábótavant eða óviðunandi fara í umbótaáætlun. Niðurstöður viðhorfskannana eru ávallt rýndar í innra mati.

Innra mat 2025-2026

Styrkleikar og tækifæri eru byggð á niðurstöðum úr innra mati síðasta árs og unnin út frá matsblöðum fyrir áhersluþætti innra mats.

Styrkleikar (vísbendingar sem fá A eða B)

Virk þátttaka og lýðræði

- Skipulega er unnið með lýðræði í starfi með börnum og unglingum og þau hvött til að koma með eigin hugmyndir að dagskrá. Þau fá tækifæri og stuðning til að hrinda eigin hugmyndum í framkvæmd.
- Lýðræðislega er valið í félagsmiðstöðvaráð og önnur ábyrgðarhlutverk.
- Unglingar og börn hafa mótandi áhrif á aðstöðu félagsmiðstöðvarinnar.
- Markvisst er leitað eftir skoðunum þeirra sem eiga erfitt með að koma skoðunum sínum á framfæri, s.s. vegna fötlunar, tungumáls, félagslegrar aðstöðu eða veikinda.

Starfshættir og viðfangsefni

- Starfsumhverfi er án aðgreiningar og einkennis af hlýju, öryggi og virðingu.
- Lögð er áhersla á forvarnar-, menntunar og/eða afþreyingargildi við dagskrárgerð í félagsmiðstöðinni.
- Starfsemi og opnunartími tekur mið af ólíkum þörfum einstaklinga og hópa. Í starfinu er boðið upp á opið starf og hópastarf.
- Reglulega eru haldnir viðburðir (s.s. ferðir, sýningar, keppnir, böll, þemakvöld og heimsóknir).

Mannauður og faglegt starf

- Félagsmiðstöðin veitir viðeigandi fræðslu til nýrra starfsmanna, hvetur til símenntunar og skapar aðstæður til starfsþróunar.
- Forstöðumaður virkjar starfsfólk, börn, unglinga og aðra hagsmunaaðila við mótun þjónustunnar.
- Forstöðumaður hittir skólastjórnendur reglulega til samráðs vegna sameiginlegra málefna.
- Forstöðumaður/stjórnendateymi hvetur starfsfólk markvisst til að nýta styrkleika sína, hæfileika og sérþekkingu í starfi.
- Við ráðningu nýrra starfsmanna er hugað að fjölbreytileika í starfsmannahópnum.

Bjargir og skipulag

- Starfið og dagskráin er kynnt börnum, unglingum, foreldrum og starfsfólki (s.s. með tölvupósti, á samfélagsmiðlum og/eða kynningarfundum).

- Húsnæði félagsmiðstöðvarinnar uppfyllir skilgreiningu á rýmisþörf félagsmiðstöðva (sbr. gátlisti um skipulag húsnæðis og efnivið félagsmiðstöðva).
- Fjölbreytt úrval af efnivið er til staðar (sbr. gátlista um skipulag húsnæðis og efnivið félagsmiðstöðva).

Tækifæri (vísbendingar sem fá C eða D)

Umbótaáætlun 2026-2027

Heiti aðgerðar:	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Börn og lýðræði
Tækifæri til umbóta.	1. Hvetja meðlimi nemendaráðs að halda utan um fleiri viðburði. 2. Einnig að bjóða þeim sem hafa áhuga á að halda utan um viðburði sem koma frá þeim. Þá erum við að hugsa um unglinga sem eru ekki endilega í nemendaráði. 3. Bjóða nemendaráði að mæta í 10-12 ára starfið og aðstoða við smiðjur og viðburði.
Aðgerðir til umbóta.	1. Nemendaráð skráir sig á viðburðardagatal og mætir 2. Auglýsa eftir áhugasömum og hnippa í þá sem maður veit að þeir séu líklegir til að vilja prufa að halda sinn eigin viðburð. 3. Erum byrjuð að bjóða nemendaráði að taka vaktir í 10-12 ára starfinu. Við bjóðum þeim í hverri viku á nemendaráðsfundum. Það er strax áhugi svo við vonumst eftir að það verði vinsælt.
Ábyrgð	Njörður og Atli
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Byrjuðum í október
Hvenær og hvernig á að endurmeta?	Við skráum niður hverjir mæta og vinna. Þau eru síðan spurð eftir vaktina hvernig hafi gengið. Hvað var gott, hvað þarf að bæta.
Viðmið um árangur.	Við tökum síðan saman um áramót og svo aftur í lok skólaársins. Skráum það niður og skoðum fyrir næsta vetur.

Heiti aðgerðar:	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Mannauður og faglegt starf
Tækifæri til umbóta.	Hópastarf kynnt inn í mikið endurnýjaðan starfshóp. Allir fá að prufa að taka þátt í hópa/klúbbastarfi
Aðgerðir til umbóta	Erum búin að finna góðan hóp sem er til í að taka þátt. Hæfilegur að þyngd.
Ábyrgð	Njörður stýrir og aðstoðar við pælingar um viðfangsefni, dagskrá og markmið. Allir starfsmenn taka svo þátt og keyra það áfram.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Byrjum 16.nóv
Hvenær og hvernig á að endurmeta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Við fáum þau sem taka þátt að svara könnun eftir starfið. Einnig verða viðtöl.
Viðmið um árangur. Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Við munum styðjast við skýrsluna og viðtölin. Einnig ræðir Njörður við starfsmenn skráir niður.

Þróunarverkefni og áherslur starfsársins

út frá Menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 og Almennum aðgerðum menntastefnu Reykjavíkur 2025-2027.

.

Hópastarf

Með nýju fólki og fjölmörgum áhugamálum þess ætlum við að halda áfram að vinna með styrkleika starfsmanna og nýta þá í starfi. Við höfum lagt mikla áherslu síðustu ár á útivist sem hefur gefist frábærlega. Nú ætlum við að fá nýtt starfsfólk til að stíga sín fyrstu skref í að vera með hópastarf. Við munum rúlla í gegn nokkrum hópum af krökkum sem sækja starfið og svo færa okkur yfir í þau sem sækja það ekki. Þetta verður tröppugangur upp á við þar sem við bætum á okkur þyngri böggum þegar lengra er komið. Við munum halda áfram að vinna með útiveru og blanda inn hvað er í nærumhverfi okkar og heilbrigðum lífstíl í daglega lífinu. Njörður mun sjá um að aðstoða þau að koma sér af stað, búa til dagskrá og setja sér markmið. Við munum skrá niður árangur starfsinn með viðtölum og könnunum. Við ætum að leyfa starfinu að þróast með starfsfólkinu í stað þess að einblína á eitthvað eitt. Fyrsti hópur er tilbúinn (03.11.2026) og byrjar strax eftir Skrekk.

Helstu dagsetningar

Ágúst

24.ágúst. Skólasetning kynning

September
10.sept. Starfsdagur í Rimaskóla – Opið í Sigyn
14.sept. Starfsdagur félagsmiðstöðva í Grafarvogi, Árbæ og Grafarholti.
17.sept. Starfsdagar Samfés
25.-27.sept. Hinsegin Landsmót Samfés
26.sept-1.okt. Brúarleikar félagsmiðstöðva fv. Brúarinnar.
30.sept. Skil á skýrslu Réttindaskóla/Réttindafélagsmiðstöð UNICEF.

Október
9.-11.okt. Landsmót Samfés
13.okt. Starfsdagur forstöðumanna í félagsmiðstöðvum og frístund.
13.okt. Foreldrasamtöl í Rimaskóla – Sigyn á staðnum ef fólk vill spjalla.
21.okt. Félagsmiðstöðvadagurinn
22.-26.okt. Vetrarfrí.
30.okt. Starfsdagur í Rimaskóla.

Nóvember
2.-6.nóv. Nýliðasamtöl
8.nóv. Barátturdagur gegn einelti
9.-11.nóv. Skrekkur
20.nóv. Rímnaflæði Samfés
20.nóv. Mannréttindadagur barna
30.nóv. Skreytingadagur í Rimaskóla/Sigyn

Desember
17.des. Jólaball unglingadeildar – Rimaskóli og Sigyn skipuleggja.
18.des. Jólaball 1.-7.bekkur
19.des-4.jan. Jólafrí
21.- 22.des. Lengri dagar í Sigyn. Fyrirkomulag enn óákveðið

Janúar
4.jan. Skóli hefst aftur.
22.jan. Samfés Con

Febrúar
5.feb. Starfsdagur í Rimaskóla sameiginlegur í hverfi.
8.-12.feb. Vika6
10.feb. Öskudagur – Skemmtun
17.feb. Söngkeppni – Undankeppni fyrir Samfés
22.-23.feb. Vetrarfrí
24.feb. Foreldrasamtöl – Sigyn á staðnum ef foreldrar vilja spjalla.

Mars
5.mars. Danskeppni Samfés
6.mars. Stíll
11.mars. Árshátíð unglingadeildar.
20.-29.mars. Páskafrí

Óákveðin dagsetning : Skíðaferð Sigynjar

Apríl

7.-8.apríl. Starfsdagar Samfés
13.-15.apríl. Þemadagar í Rimaskóla. Sigyn aðstoðar
19.-23.apríl. Barnamenningarhátíð
27.apríl. Menntastefnumót.

Maí

7.maí.Starfsdagur
7.-8.maí. Samfest

Júní

7.-9.jún. Útivistardagar og karnival í Rimaskóla. Sigyn aðstoðar
10.júní. Skólaslit
11. júní. Sumaropnanir unglinga hefjast.
14.júní. Sumarstar smiðjur fyrir 10-12 hefjast

Júlí

10.júl. Sumarfrí